

**1113. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. júlí 2020 og  
hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Dagskrá:**

**1. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047**

Verkefnalisti bæjarráðs kynntur.

*Verkefnalisti bæjarráð yfirfarinn.*

**2. Vestfjarðastofa - ýmis erindi 2020 - 2020040012**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, mætir til mánaðarlegs samráðsfundar Vestfjarðastofu og bæjarráðs.

*Verkefni Vestfjarðastofu rædd.*

*Bæjarráð þakkar Sigríði Ó. Kristjánsdóttur fyrir komuna.*

**Gestir**

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu - 08:05

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir yfirgaf fundinn kl. 8.50.

**3. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 - viðauki 10 - 2020010031**

Lagður fram viðauki 10 við fjárhagsáætlun 2020 vegna bæjarskrifstofu.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er kr. 21.565.107,- eða úr afgangi kr. 155.795.278,- í kr. 134.230.171,-. Áhrifin á sveitasjóð A hluta er sú sama eða úr afgangi kr. 21.736.965,- í neikvæða rekstrarniðurstöðu kr. 9.769.829,-

*Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka 10 við fjárhagsáætlun 2020.*

**4. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2020 - viðauki 11 - 2020010031**

Lagður fram viðauki 11 við fjárhagsáætlun 2020 vegna snjómoksturs. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður samantekins A og B hluta Ísafjarðarbæjar er kr. 31.500.000,- eða úr afgangi kr. 134.230.171,- í kr. 102.730.171,-. Áhrifin á sveitasjóð A hluta er kr. 40.500.000,- eða úr neikvæðri rekstrarniðurstöðu kr. 9.769.829,- í neikvæða rekstrarniðurstöðu kr. 50.269.829,-

*Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka 11 við fjárhagsáætlun 2020.*

**6. Aðstaða sjóportklúbbins Sæfara við Suðurtanga 2 - 2019050091**

Lagt fram minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 2. júlí sl., þar sem farið er yfir aðkomu Ísafjarðarbæjar að húsnæði sjóportklúbbsins Sæfara við Suðurtanga 2, Ísafirði.

*Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með fullnaðarákvörðun mála, samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera kaupsamning vegna húsnæðis Sæfara við Suðurtanga 2, í takt við umræður á fundinum og leggja fyrir bæjarráð til samþykktar.*

**7. Sjókvíeldi Arctic Sea Farm í Ísafjarðardjúpi - 2017010103**

Lögð fram umsögn Heiðu Jack, skipulagsfulltrúa, dags. 3. júlí sl., um frummatsskýrslu Arctic Sea Farm vegna 8000 tonna sjókvíeldis í Ísafjarðardjúpi.

*Bæjarráð, sem fer með fullnaðarákvörðun mála í sumarleyfi bæjarstjórnar samkvæmt samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa.*

**8. Sýslumaðurinn á Vestfjörðum - 2018-2020 leyfisveitingar, rekstrarleyfi - 2018010057**

Lögð fram umsagnarbeiðni Guðrúnar Elínborgar Þorvaldsdóttur, f.h. Sýslumannsins á Vestfjörðum, dags. 6. maí 2020, ásamt umsókn Jónu Benediktsdóttur, vegna rekstrarleyfis fyrir gististað í flokki II að Fjarðargötu 39, Ísafirði.

Jafnframt lögð fram umsögn Heiðu Jack, skipulagsfulltrúa, dags. 25. júní 2020, vegna málsins.

*Bæjarráð frestar afgreiðslu málsins.*

**9. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti - ýmis erindi 2020-2021 - 2020070001**

Kynntur tölvupóstur Bergþóru Njálu Guðmundsdóttur, f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 29. júní sl., þar sem kallað er eftir tilnefningum til Fjölmiðlaverðlauna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti. Tilnefningarfrestur er til 20. ágúst nk.

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Skráning fasteigna og fasteignamat 2020-2021 - 2020070002**

Lagt fram bréf Margrétar Hauksdóttur, forstjóra Þjóðskrár Íslands, dagsett 29. júní sl., þar sem kynntar eru niðurstöður árlegs endurmats fasteigna.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:15**

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Daníel Jakobsson

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Birgir Gunnarsson

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir